- Mikilvægt er að tengja nám í ferðamálafræðum á háskólastigi inn í viðskiptadeildir háskólanna. Það voru stór mistök að byrja að bjóða nám í ferðamálafræðum í landafræðiskor í HÍ og ekki í viðskipta- og hagfræðideild. Framleiddir hafa verið hundruðir ferðamálafræðinga sem eru ónothæfir í atvinnugreininni. Ferðamálafræðingar menntaðir á Íslandi eru góðir í að skrifa skýrslur og gera rannsóknir í háskólaumhverfinu en hafa enga þekkingu á fyrirtækjarekstri í ferðapjónustu eða markaðsmálum ferðapjónustu og þá þekkingu vantar fyrirtækin. Eina leiðin fyrir þessa krakka sem lært hafa ferðamálafræði við HÍ til að verða eftirsóttir starfsmenn er að fara í mba nám eftir landafræðiferðapjónustnámið.
- Mjög mikilvægt að taka mjög fast á svartri starfsmenni í ferðapjónustu og ekki bara í orði heldur á borði. Fræðsla frá tryggingarfélagum væri ágætis viðbót í okkar bransa. Síðan má alltaf bæta innanhúsfræðslu og þjálfun. Markaðs- og viðskiptatengt nám í nánari tengslum við ferðapjónustuna.
- Myndi vilja sjá auðveldara aðgengi að námskeiðum fyrir ómenntaða í veitingapjónustu og um hreinlæti bæði með mat og starfsmenn.
- Mætti gera það nám/námskeið sem í boði eru sýnilegri. Bæta aðgengi fyrir starfsmenn sem búa úti á landi til að komast á námskeið - fjarfundabúnaður til dæmis.
- Mætti taka Landsbjörg til fyrirmyndar og brjóta námið upp í smærri einingar. Einnig vera með í boði vottaða sérhæfingu t.d leiðsögn á jökli, flúðasiglingar og svo framvegis. Staðbundin leiðsögunám, að hafa í boði t.d. námskeið um Gullna hringinn, Suðurströndina og Mývatn.
- Nám í framreiðslu/eldamennsku virðist ekki virka, eru of margir að sleppa því að læra þetta, detta úr námi eða villja ekki vinna við þetta að loknu námi. Námskeið hjá símenntunarstöðvum hafa ekki reynst nógu vel og verið ganglaus! Vantar gott nám, sem er gert fyrir starfsfólk á hótelum, sem tengist þrifum, eldhúsi, framleiðsu, eitthvað til að geta látið staffið fá grunnþekkingu.
- Nám á staðnum. Nýta þekkingu sem er til staðar og samræma.
- Námið ætti að vera skipulagt í góðu samstarfi við ferðapjónustuna, auka möguleika á að safna einingum við praktísk störf, og jafnframt auka kröfur á vinnustaði að það sé markviss þjálfun og hægt að sýna fram á það. Meira samstarf við erlenda skóla.

# Sp. 21. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi núverandi framboð náms tengt ferðþjónustu og fyrirkomulag starfsþjálfunar hér á landi?

- Nei, ég held ef fólk vill mennta sig þá er mikið í boði sem tengist ferðþjónustu.
- Of dýrt.
- Opinbert eftirlit og kröfur þess er í engu samræmi við menntun og fræðslu á námskeiðum sömu aðila. Þ.e.a.s. það vantar samræmi. Skyldunámskeið eiga að útskrifa fólk með réttindi til starfa en ekki að vera með fillera af einhverju almennu efni til að uppfylla tiltekin tímafjöldi. Það er ótækt að sóa t.d. viku í skyldunámskeið sem skilar engum réttindum né skilningi og þurfa svo að fara beint á annað commercial námskeið til að ná í hin raunverulegu réttindi.
- Ófært að ekki sé boðið upp á eftirfarandi starfsþjálfunarnámskeið: grunnmeðferð matvæla - næringarfræði - hreinlæti og þrif - þjónusta á vinnustaðnum - menning erlendra þjóða - fyrsta hjálp.
- Sérstaklega úti á landi eiga fyrirtæki erfitt með að senda sitt starfsfólk í burtu til að afla sér menntunar. Því er það algjörlega nauðsynlegt að hægt verði að fræða starfsfólk á vinnustaðnum, hvort sem það er með farandnámskeiðum eða fjarnámi.
- Skortir námskeið fyrir sölufólk sem starfar við skipulagningu ferða. Námskeið um samskiptahæfni og sölumennsku.
- Skólar eru allt of langir svo það er ekki hægt að ráða Íslendinga í vinnu. Þeir missa því bæði af tekjum og reynslu.
- Skylda fyrirtæki til að senda allt sitt fólk á námskeið.
- Starfsþjálfun má ekki vera of þröngt skilgreind. Almenn nám, svo sem viðskiptafræði, verkfræði, saga, og tungumál eru öll góður grunnur undir ferðþjónustu og nauðsynlegt að fjölga fólki með mismunandi menntun í ferðþjónustu frekar en að ferðþjónusta sé rekin alfarið eða að mestu leiti af fólki sem hefur eingöngu stundað ferðþjónustu nám. Nám í ferðþjónustu ætti einnig að vera víðtækt og leggja áherslu á almennan rekstur fyrirtækja frekar en eingöngu ferðþjónustu.
- Styttra nám, og meira á netinu. Sem sagt þannig að það henti starfsmönnum sem búa úti á landsbyggðinni. Nám í ferðþjónustu er aldir á eftir. Laga þetta strax svo að við missum ekki okkar góða fólk til Reykjavíkur.
- Svæðisbundið leiðsögunám.
- Taka þarf mið af samsetningu starfsfólks sem er að miklu leyti framhaldsskólanemar og erlend ungmenni. Flétta þarf nám inn í námsskrá, þ.e. almenna þekkingu á mismunandi menningarheimum o.s.frv. Ekki er líklegt að nemendur velji sér ferðþjónustubrautir innan framhaldsskóla til þess eins að fara í láglaunastörf eftir skólalok. En, getur gert þau mun hæfari starfskrafta í starfi með skóla (sumrin og með skóla á veturna).
- Tel að ferðþjónustufyrirtæki séu að vakna til lífsins, eru farin að vinna með markvissari hætti í starfsþróunar og fræðslumálum. Innanhússkólar og þekkingamiðlun.
- Tel að þó nokkrir möguleikar séu í boði ef sóst er eftir þeim en mikilvægt að hægt sé að aðlaga fræðsluna að hverjum vinnustað. Tel að best sé að vera með vel þjálfaða stjórnendur sem síðan sjá um fræðsluna inná vinnustaðnum. Það er mikið um skólafólk og fólk í tímabundnum störfum í ferðþjónustu og margir staðir út úr alfaraleið og afar flókið og dýrt að senda það allt á námskeið utan vinnustaðarinnar.
- Tveggja klukkutíma námskeið á vinnustað í þjálfun og þekkingu á 3 mánaða fresti gæti gert mikla breytingu fyrir fyrirtækin sjálf með því að halda þessa tíma mun þekking verða meiri og áhugi hjá starfsmönnum mun aukast.
- Unnið gott starf á Austurlandi hjá Austurbrú að undirbúa fræðsluáætlun fyrir ferðþjónustuna.
- Vantar diplóma nám í matvælagreinum.
- Vantar einn stað sem allar upplýsingar liggja fyrir.
- Vantar meira framboð af hagnýtu námi t.d. fyrir rekstaraðila lítilla fyrirtækja svo sem gististaða ofl., stuttum námskeiðum til uppfræðslu ómenntaðra aðila sem starfa innan ferðþjónustunnar og einnig vantar nám í endurmenntun í ferðþjónustu.
- Vantar meira framboð og auðveldara aðgengi til náms.








# Sp. 21. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi núverandi framboð náms tengt ferðapjónustu og fyrirkomulag starfsþjálfunar hér á landi?

- Vantar nám í hótelsstjórnun og eins starfsnám fyrir ungt fólk sem er að feta sín fyrstu spor á vinnumarkaði.
- Vantar námskeið fyrir þá sem stundað hafa leiðsögn og þjónustu við ferðamenn til margra ára, en hafa ekki full réttindi leiðsögumanna og gefa þeim þannig tækifæri til að öðlast slík réttindi, án langrar skólagöngu. Í þessu fólk þýr geysimikil þekking og reynsla oft langt umfram þá sem þó hafa farið í gegnum námið.
- Vantar námskeið og fræðslu út á landi.
- Vantar sérhæft örnám fyrir hina ýmsu geira. T.d. nám þegar kemur að gistingu því það eru margir að reka gistiheimili og hótél sem hafa ekki menntun í því en hafa fjárfest í gistiheimili. Það þarf að sjá til þess að það fólk fjólk sjái líka heildarmyndina en ekki aðeins að þrifa herbergin heldur líka veita þjónustuna sem að ferðapjónusta er.
- Við þjálfum okkar fólk erlendis þar sem allar íslenskar menntastofnanir uppfylla ekki alþjóða staðla.
- Væri frábært að fá gott nám í hótelsstjórnun, heilsutengdri hótelsstjórnun þar sem fólk yfir fertugt er gert kleift að nema á stúdentsprófs og þá farið eftir reynslu.
- Væri gaman að vita hvað langan tíma er reiknað með að það taki t.d. að þrifa herbergi.
- Það er hætt við að okkur fari aftur vegna fjölgunar ferðamanna sem helst ekki í hendur við uppbyggingu þekkingar og gæða. Það er raunveruleg hættu sem mun koma niður á íslenskri ferðapjónustu. En við lærum sjaldan af mistökum á Íslandi. Það eru allt of mörg fyrirtæki sem leyfa sér nánast hvað sem er. Þau eru til skammar fyrir íslenska ferðapjónustu og munu grafa undan þeim sem reyna sitt besta til að hafa allt sitt á hreinu. Sama hvort það er að gefa upp allar tekjur, ráða gott starfsfólk og bjóða upp á starfsþjálfun og að þróast í starfi eða annað. Sum fyrirtæki eru ekki þarna því miður.
- Það er í sambandi við umgengni og virðingu við siði landsins, umhverfis og eigna. Ferðamenn þurfa meiri upplýsingar um hluti sem okkur finnast sjálfsagðir og þyrfti að vekja Íslendinga til umhugsunar um í þeirra námi og þjálfun. Smá minnimáttarkennd í gangi og of mikil gert af því að laga sig að erlendum siðum/ferðamönnun sem verður bara eitt allsherjar kaos þegar gestir eru af ótal þjóðernum.
- Það er að margt tengt ferðapjónustu sem lærist smátt og smátt og á staðnum, það er nefnilega margt sem ekki lærist af bókum eða í skóla/námskeiðum.
- Það er til skammar fyrir þjóð sem hefur metnað til að vera með hátt menntunarstig að leyft skuli vera og stutt af opinberum aðilum að útskrifa leiðsögumenn úr skóla sem ekki fullnægir kröfum um námsefni.
- Það mætti auka framboð námskeiða fyrir fólk í veitingageiranum á landsbyggðinni.
- Það þarf að koma upp verknámsbraut og kenna að þrifa herbergi og þvo þvott og allt sem því tilheyrir. Í framtíðinni vil ég að starfið verði lögverndað og þeir sitji fyrir sem hafi lært og hafi réttindi það á að bera virðingu fyrir verknámi og allri vinnu sem snýr að ferðapjónustu gera kröfu um kunnáttu í öllum greinum ferðapjónustunnar það geta ekki allir setið við tölvurnar það þarf líka að vinna líkamlega vinnu og borga góð laun fyrir hana.
- Það þarf að kynna ferðapjónustu fyrir krökkum í skólakerfinu sem spennandi starfssvettvang til framtíðar. Eins þarf skólakerfið að bjóða upp á starfsnám og sveigjanlegra nám til að koma til móts við toppa í ferðapjónustunni.
- Það þarf að leyfa sjálfbóðaliðum að koma til landsins og aðstða við ferðapjónustu á háannatímum, sérstaklega utan þéttbýliskjarna án þess að setja meiri kröfur á fyrirtækin.
- Það þarf að stytta verklegar námsleiðir og auka fjölbreytni þeirra.
- Það þarf að tengja háskólamenntun í ferðapjónustu, samanber ferðamálafræði við fagið sem slíkt. Ekki hægt að ætlast til þess að mennta fólk í þessu starfi án þess að kynnast því hvernig þetta virkar.
- Þarf að bjóða upp á almenna menntun í skipulagningu, verðlagningu og utanumhald ferða fyrir ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur.
- Þarf að brjóta ferðamálafræðslu námið upp í gistingu, viðburði o.s. frv. Eins og verkfræðina, rafmagn, byggingar o.s.frv.

## Sp. 21. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi núverandi framboð náms tengt ferðapjónustu og fyrirkomulag starfsþjálfunar hér á landi?

- Þarf að vinnast í samvinnu við ferðapjónustuna í landinu.
- Þekki ekki nóg til framboðs á námi tengt ferðapjónustu.
- Þjálfun á fjallaleiðsögumönnum er varla til. Það sem er til er of lélegt. Við ættum að taka upp mlt award í samráði við Breta. Stendur okkur næst og passar okkur vel.
- Þolmörk bæði náttúrunnar og fólksins eru löngu sprungin í þessum öra vexti í ferðapjónustu. Nú er lífsnauðsynlegt að setja fjöldatakmörk á ferðamenn per. mánuð og það er sömuleiðis frábær landkyrning („Icelanders say no to mass tourism“).
- Þurfa að vera í boði styttri námsleiðir fyrir t.d. þrífadeildir, þjóna og fleira.
- Því miður er staðan sú að það er það mikil eftirspurn eftir starfskröftum í öllum greinum sem tengjast ferðapjónustunni að krafan um þekkingu og færni hefur oft ekki verið nægileg. Eins hefur verið erfitt að komast að t.d. fyrir kokka að komast að í meistaraþrófið. Það sem ég þekki af hótél og matvæðaskólanum er margt gert vel en, skólinn nær engan veginn að anna eftirspurn fyrir menntuðum þjónum og kokkum. Eins hefur það komið á flatt upp á marga að hótélstjórnunarnámið sem boðið er upp á er ekki hægt að klára nema í einum sérstökum skóla í Sviss. Þó að það nám sé vissuleg til bóta þá gerir þetta að verkum að þeir sem geta ekki farið þangað (af ýmsum ástæðum) geta ekki nýtt sér þessa leið, sem er þó eina leiðin til að mennta sig til þessa fags hér á landi.

## Sp. 22. Hverjar af eftirtöldum leiðum telur þú árangursríkastar til þess að auka hæfni innan ferðaþjónustunnar almennt? \*

	Árangursríkastar			Næst- árangursríkastar			Þriðja árangursríkastar			Fjórða árangursríkastar			Fimmta árangursríkastar			Raðstuðull (0-100)
	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	Fjöldi	%	+/-	
Ferðaþjónustufyrirtæki leggi meiri áherslu á fræðslu/þjálfun starfsmanna	83	27,4	5,0	46	18,2	4,8	40	20,3	5,6	15	11,8	5,6	13	16,5	8,2	 50,3
Fjölga símenntunarmöguleikum tengdum ferðaþjónustu í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og aðra fræðsluaðila	54	17,8	4,3	44	17,4	4,7	37	18,8	5,5	26	20,5	7,0	14	17,7	8,4	 41,1
Aukið samstarf ferðaþjónustufyrirtækja um fræðslu og þjálfun	49	16,2	4,1	48	19,0	4,8	37	18,8	5,5	22	17,3	6,6	11	13,9	7,6	 39,8
Fjölga námsleiðum tengdum ferðaþjónustu á framhaldsskólastigi	46	15,2	4,0	48	19,0	4,8	36	18,3	5,4	27	21,3	7,1	9	11,4	7,0	 39,1
Endurskoða starfsmenntakerfið t.d. með því að fjölga leiðum til starfsmenntunar	44	14,5	4,0	48	19,0	4,8	21	10,7	4,3	15	11,8	5,6	15	19,0	8,6	 34,3
Fjölga námsleiðum tengdum ferðaþjónustu á háskólastigi	16	5,3	2,5	15	5,9	2,9	24	12,2	4,6	18	14,2	6,1	13	16,5	8,2	 17,2
Önnur leið	11	3,6	2,1	4	1,6	1,5	2	1,0	1,4	4	3,1	3,0	4	5,1	4,8	 5,9
Fjöldi svara	303	100,0		253	100,0		197	100,0		127	100,0		79	100,0		
Tóku afstöðu	303	67,5		253	83,5		197	77,9		127	64,5		79	62,2		
Tóku ekki afstöðu	146	32,5		50	16,5		56	22,1		70	35,5		48	37,8		
Fjöldi aðspurðra	449	100,0		303	100,0		253	100,0		197	100,0		127	100,0		
Spurðir	449	100,0		303	67,5		253	56,3		197	43,9		127	28,3		
Ekki spurðir	0	0,0		146	32,5		196	43,7		252	56,1		322	71,7		
Fjöldi svarenda	449	100,0		449	100,0		449	100,0		449	100,0		449	100,0		

\* Eftirmáli spurningarinnar var: Við samlega forgangsraðaðu með því að merkja fyrst við þá leið sem þú telur árangursríkasta, og svo koll af kolli. Þeir sem ekki tóku afstöðu í „árangursríkastar“ voru ekki spurðir um „næstárangursríkastar“, það sama á við um „þriðja árangursríkastar“ o.s.frv.

Raðstuðullinn er fenginn með eftirfarandi formúlu:  

$$\left( \frac{(\text{„Árangursríkastar“} * 100) + (\text{„Næsta nefnt“} * 80) + (\text{„Þriðja nefnt“} * 60) + (\text{„Fjórða nefnt“} * 40) + (\text{„Fimmta nefnt“} * 20)}{\text{Fjöldi svara í „Árangursríkastar“}} \right)$$

## Sp. 22. Hverjar af eftirtöldum leiðum telur þú árangursríkastar til þess að auka hæfni innan ferðaþjónustunnar almennt? \*

### Greiningar

	Fjöldi	Ferðaþj.fyrirt. leggi m. áherslu á fræðslu/þjálfun	Fj. símennt.mögul. t. ferðaþj. í samst. við símennt.miðst.	Aukið samst. ferðaþj.fyrirt. um fr. og þj.	Fj. námsl. t. ferðaþj. á frh.skólast.	Endursk. starfs.m.k. t.d. fj. l. til starfsmennt.	Fj. námsl. t. ferðaþj. á háskólast.	Önnur leið
<b>Heild</b>	303	50	41	40	39	34	17	6
<b>Hvar er fyrirtækið/starfsstöðin sem þú starfar hjá staðsett á landinu? *</b>								
Reykjavík	79	48	41	40	39	33	29	8
Höfuðborgarsv. utan Reykjavíkur/Suðurnes	28	54	41	35	47	39	24	
Vesturland	24	46	43	38	43	26	14	5
Vestfirðir/Norðurland vestra	34	51	47	36	44	26	9	2
Norðurland eystra/Austurland	63	60	36	37	33	37	14	9
Suðurland/Hálendi	75	44	42	46	38	38	9	6
<b>Starfsemi - grófflokkuð *</b>								
Ferðaskrifst./Ferðaskipuleggjandi	97	52	47	39	37	28	20	9
Gisting	134	46	38	41	43	42	18	6
Veitingaþjónusta	42	50	36	40	40	32	10	
Samgöngur	21	60	50	41	27	19	22	
<b>Starfsemi *</b>								
Pakka-/Jeppa-/Jökla-/Bátsferðir	32	57	46	49	33	23	16	11
Dagsferðir	21	50	40	40	47	29	19	3
Náttúruupplifun	26	53	48	28	36	25	24	9
Ferðaskrifst./Ferðaskipuleggjandi ótilgreint	18	43	54	37	33	41	24	11
Hótel	59	47	39	43	42	46	25	4
Gistiheimili	53	42	37	38	46	42	11	8
Heimag./Farfluglah./Orl.hús/ib./Önnur gisting	22	56	38	45	39	30	14	4
Veitingaþjónusta	42	50	36	40	40	32	10	
Samgöngur	21	60	50	41	27	19	22	

Þar sem einkunn er feitletruð og lituð með bláu er marktækur munur á milli hópa



## Sp. 22. Hverjar af eftirtöldum leiðum telur þú árangursríkastar til þess að auka hæfni innan ferðapjónustunnar almennt? \*

### Greiningar

	Fjöldi	Ferðapj.fyrirt. leggi m. áherslu á fræðslu/þjálfun	Fj. símennt.mögul. t. ferðapj. í samst. við símennt.miðst.	Aukið samst. ferðapj.fyrirt. um fr. og þj.	Fj. námsl. t. ferðapj. á frh.skólast.	Endursk. starfs.m.k. t.d. fj. l. til starfsmennt.	Fj. námsl. t. ferðapj. á háskólast.	Önnur leið
<b>Heild</b>	303	50	41	40	39	34	17	6
<b>Heildarfjöldi starfsmanna í fyrirtækinu/starfsstöðinni þegar mestur var árið 2015 *</b>								
2-4 starfsmenn	112	46	45	37	41	26	16	6
5-9 starfsmenn	59	54	40	35	37	40	9	10
10-29 starfsmenn	82	52	37	43	38	41	22	2
30 starfsmenn eða fleiri	47	57	41	48	39	32	20	7
<b>Árleg velta 2015 *</b>								
0-49 milljónir kr.	118	45	47	37	39	27	16	7
50-99 milljónir kr.	46	54	34	39	33	41	16	5
100-499 milljónir kr.	62	56	38	41	43	43	19	5
500 milljónir kr. eða meira	36	57	34	50	31	29	26	6
<b>Hversu lengi hefur fyrirtækið/starfsstöðin verið starfrækt?</b>								
Innan við 6 ár	102	45	42	44	39	31	22	4
6 - 10 ár	66	50	40	36	36	34	17	9
Lengur en 10 ár	130	55	42	38	41	37	14	5
<b>Tími ársins sem fyrirtækið/starfsstöðin er starfrækt</b>								
Hluta ársins	81	53	40	36	38	32	14	3
Allt árið	215	49	42	41	39	34	18	7

Þar sem einkunn er feitletruð og lituð með bláu er marktækur munur á milli hópa

## Sp. 22. Hverjar af eftirtöldum leiðum telur þú árangursríkastar til þess að auka hæfni innan ferðaþjónustunnar almennt? \*


Það sem var nefnt í „Önnur leið“

- Þjóða ferðaþjónustufyrirtækjum námskeið á staðnum fyrir starfsmenn.
- Borga færu fólki betri laun.
- Borga hærra laun þannig að launakjör verði samkeppnishæf, bæta vinnuaðstæður, stytta vinnutíma, borga fyrir undirbúningstíma, síma og önnur útgjöld starfsmanna.
- Ef það á að nota símenntunarstöðvar, þarf að gera námið fyrir þá sem eru að fara starfa í greininni eða eru nýbyrjaðir og svo framhaldsnámskeið. Ekki setja þetta fólk á námskeið með atvinnulausum sem þekka ekkert til eða hafa ekki áhuga sem gerir það að verkum að námið þjónar ekki tilgangi sínum.
- Félag leiðsögumanna stendur sig vel í að bjóða upp á símenntun leiðsögumanna.
- Fjölga menntunarmöguleikum í heimabyggð.
- Græðgissvæðing er svo gígantískt. STOPP. Samvinna er svarið. Skipuleggja starfsemina, hér hugsar hver um sinn hag. Það liggur við stríðsástandi og dreifið ferðamönnum um landið. Ferðaskristofur kaupa sér leyfi á þann stað sem menn vilja þjónusta. Geysir (það eru ca. 25 leyfi ) og koll af kalli. Að það sé kvóti á ferðamannastaði og þessi fyrirtæki sjá svo um hreinlætismál á viðkomandi stöðum og aðgengi og bílastæði og öryggismál almennt.
- Heimskt er heima alið barn og því miður eru íslensk námskeið oftast innantóm og léleg.
- Hollt er heima hvað.
- Hækkun launa leiðir til lengri starfstíma og þar af leiðandi reynslu, við þurfum reynslu í geirann.
- Lykillinn er hjá ferðaþjónustunni sjálfri. Með aukinni eftirspurn eftir menntun þá eykst framboð á menntun.
- Meira eftirlit af hálfu hins opinbera, meiri eftirfylgni í að kynna starfsmönnum réttindi sín og skyldur.
- Meiri námskeið á netinu.
- Námskeið á vorin eða veturlangt fyrir þá sem ætla að vinna að sumri til í ferðaþjónustu.
- Samþykkja faglegt verknám einkaaðila.
- Skóla sem rekinn er af ferðaþjónustunni og ríkinu t.d. 50/50 og verknámið sé mest á sumrin.
- Styrkja litlar byggðir fyrst og svo hugsa um ferðamál.
- Svæðisbundin námskeið.
- Taka menntun leiðsögumanna út úr sérskólum og koma yfir á háskólastig. Þar sem stúdentsprófs er kraftist til að komast í námið. Væri vel í H.Í. og auðvelt að raða saman náminu = jarðfræði, sagnfræði, landafræði, ferðamálafræði, etc. Það verður að taka nám leiðsögumanna úr kvöldskólum í einn vetur yfir í þriggja ára háskólanám þar sem fólk útskriftasts með BS gráðu í leiðsögn.
- Taka upp þjálfun eins og MLT award.
- Verður ekki bara hver og einn að meta þá þörf og hvað skuli gera eða vera best?
- Youtube um hvernig hægt er að sækja um vinnu á Íslandi. Íslendingar eru allt of fáir til að geta fyllt upp í alla þá hjálpi sem vantar innan ferðaþjónustunnar í framtíðinni.
- Það er í sjálfu sér fullt af námsmöguleikum í boði en þeir eru bara svo fjandi dýrir margir hverjir. 800 þúsund í leiðsögumannanám.. ehhh.
- Þegar aukning ferðamanna er svona mikil er nánast ógerlegt að auka meðalgæði þjónustunnar. Nauðsyn þess að ráða reynsluminni starfsmenn ræður för.
- Þurfum að fara frá þessari námskeiðahugsun. Mikilvægt að þeir sem ætla að vera selja 3 eða 5 stjörnu þjónustu átti sig á því að það er mikill munur á hvort er um 3 eða 5 stjörnu. Nú er mikil eftirspurn og allt selt á sama verði.

## Sp. 23. Hvernig telur þú að best megi sinna fræðsluþörf í ferðaþjónustu á næstu misserum?

	Fjöldi	%	+/-
Stutt námskeið	22	15,0	5,8
Fræðsla í heimabyggð/um allt land	22	15,0	5,8
Ferðamálatengt nám í framhaldsskólum	13	8,8	4,6
Námskeið almennt	12	8,2	4,4
Fræðsla á netinu	8	5,4	3,7
Auka eftirlit/kröfur	8	5,4	3,7
Skyldunám/grunnþekkingu	8	5,4	3,7
Fjarnám	7	4,8	3,4
Endur-/símenntun	7	4,8	3,4
Farandnámskeið	6	4,1	3,2
Fræðsla hjá símenntunar-miðstöðvum	6	4,1	3,2
Starfsþjálfun/-menntun	6	4,1	3,2
Aukið samstarf fyrirtækja innan greinarinnar	4	2,7	2,6
Aukin áhersla á þjónustu	3	2,0	2,3
Nám með vinnu	3	2,0	2,3
Auka styrki til fræðslu	2	1,4	1,9
Nám í hóteltjórnun	2	1,4	1,9
Annað	48	32,7	7,6
Fjöldi svara	187		
Tóku afstöðu	147	32,7	
Tóku ekki afstöðu	302	67,3	
Fjöldi svarenda	449	100,0	

Vegna fárra svara og mikillar dreifingar svara eru greiningar ekki sýndar.



Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því rei knaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

# Sp. 23. Hvernig telur þú að best megi sinna fræðsluþörf í ferðaþjónustu á næstu misserum?

Hér fyrir neðan má sjá þau svör sem flokkuð voru í „Annað“. Hvert svar var hægt að flokka í fleiri en einn flokk og því getur hluti neðangreindra svara hafa verið flokkuð í einn þeirra flokka sem listaðir voru upp hér á undan :

- Að SAF sýna sóma sinn og sinna betur þeim fyrirtækjum sem eru innan þeirra raða.
- Að starfsmenn séu meðvitaðir um kaup og kjör.
- Almenn þekking á Íslandi, atvinnnu, landafræði o.s. frv.
- Alþjóðlega iata og ufta menntun. Varðandi öryggismál, þá Landsbjörg. Ferðafræðingar sem útskrifast úr háskólum hér get ég ekki notað í mínu fyrirtæki því þeir læra teoríur en enga praktík.
- Auka tengsl ferðaþjónustunnar við símenntunarstöðvar HR og HÍ. Fá fleiri erlenda sérfræðinga og fyrirlesara til að vera með námskeið hér á landi á þessu sviði, einkum frá USA og UK.
- Aukna upplýsingagjöf frá opinberum aðilum og stofnunum.
- Þjóða upp á námskeið í ferðaskipulagningu og sölu.
- Þjóða upp á stutt og praktísk námskeið sem gefa gráður sem hægt er að nota í frekara námi sem tengist matreiðslu/ hreinlæti, framleiðslu, ofnæmi.
- Þjóða upp á háskólanám í viðskiptum, rekstri og markaðsmálum þar sem ferðamálin eru sérgrein.
- Bæta merkingar og fræðslu um hættur á ferð um hvern fjórðung, má ekki vera of langt kannski 5 mín. Við leigu á bílaleigubíl og rútum. Og skipum til landsins.
- Efla þjálfun stjórnenda. Afnema meistarakerfið, gera fólki sem vill fá fagrættindi (þjónar - matreiðslumenn) kost á að fá metna vinnu á veitingastöðum þó þar sé ekki meistari að staðaldri. Þetta er hægt með raunfærnimati og að meistari fylgist reglulega með heimsóknum á staðina og getur skrifað upp á hæfni viðkomandi. Það er mjög algengt að krakkar utan af landi eigi þess engan kost að stunda nám í Reykjavík og afar fáir veitingastaðir úti á landi hafa tök á að ráða meistara í vinnu.
- Ferðaþjónusta er ákaflega víðtæk og þeir sem eru í ferðaþjónustu þurfa að búa yfir ólíkri þekkingu. Það eru t.d. jeppaferðir, veiðiferðir, hestaferðir, ævintýraferðir, snjósleðaferðir þar sem líka er boðið upp á gistingu, mat, akstur. Það þarf að markaðssetja ferðirnar, halda utan um bókhald, þekja slysgildir o.s.frv. Út í hið óendanlega. Þörf á námskeiðum í járnningu, straujun, bifvélavirkjun, tamningu, eldamennsku, meðferð matvæla og kortalestur. Eða er ferðaþjónusta mjög afmarkað hugtak? Það eru gististaðir, matsölastaðir, sundlaugar, gönguleiðir, o.s.frv. Kannski er fyrst og fremst þörf á kennslu í siðfræði, hreinlæti, metnaði og stolti.
- Fer eftir eðli fræðslunnar, við leitum erlendis fyrir okkar fyrirtæki þar sem engin sambærileg gæða menntun er í boði á Íslandi. Síðan sjáum við sjálf um að mennta okkar fólk.
- Ferðaþjónustan er svo misjöfn og fer eftir hvað er í boði svo það eru engin tvö atriði eins. Verður ekki hver og einn að meta fræðslu til starfsmanna á viðkomandi stað.
- Fjarnám og þekking á mismunandi menningarheimum.
- Fyrst og fremst með því að opna umræðuna.
- Gestrisni og einlægni eru eiginleikar sem eru frumskilyrði hjá þeim sem starfa í ferðaþjónustu, án þessa er menntun nánast einskis nýt í samskiptum við ferðamenn. Sé þetta frumskilyrði til staðar, þá er menntun mjög góð og fýsileg öllum sem starfa við greinina. Til framtíðar er nauðsynlegt að byggja upp gott nám á traustum grunni. Fyrir þá sem starfa um stundarsakir( t.d. með námi á sumrin) er starfsnám mjög æskilegt, t.d. með fjarnámi.
- Halda námskeið fyrir hverja atvinnugrein fyrir sig.
- Innan fyrirtæksins.
- Kennsla kennsla kennsla.
- Leggjum áherslu á fagmennsku í hvívetna. Það felur í sér kunnáttu og færni ásamt góðum aðgengi að menntun.
- Með aðgengilegum og ódýrum námskeiðum í heimabyggð.

## Sp. 23. Hvernig telur þú að best megi sinna fræðsluþörf í ferðaþjónustu á næstu misserum?


- Með beinni kennslu.
- Með fræðslu um menningu.
- Með leiðbeiningum til starfsmanna.
- Með meiri hvatningu til rekstraraðila og styrkja til námskeiðahalds á sem flestum svæðum, oft of langt til þeirra staða sem þau eru haldin.
- Með námskeiðum erlendis.
- Með skiltum og myndböndum.
- Með svæðisbundnum námskeiðum um náttúru og sögu svæðis.
- Meira af þverfaglegum námskeiðum. Aukin krafa gerð á hæfni og menntun hjá starfsfólki.
- Myndi vilja sjá markvissa markaðsetningu.
- Mætti koma á 10 mínútna þætti í sjónvarpi daglega um fræðslu í ferðaþjónustu frá þessum menntastofnum sem nefnd hafa verið hér á undan og svo stuttan þátt í mannlega þættinum á RÚV að morgni til.
- Nám í hóteltjónun, aukið sérnám í leiðsögn, heilsutengd ferðaþjónusta.
- SAF og símenntunarmiðstöðvarnar gætu á tveimur vikum útbúið praktískar ferðaþjónustugráður sem innihéldu a.m.k. þessi atriði: - grunnmeðferð matvæla - næringarfræði - hreinlæti og þrif - þjónusta á vinnustaðnum - menning erlendra þjóða - fyrsta hjálp - náttúra Íslands - að leiðbeina erlendum gestum um mitt landssvæði. Þetta námsefni er allt til nema kannski síðasta atriðið. Hvert námskeið þarf ekki að vera langt, hálfur til tveir dagar max. Í framhaldi mætti svo útfæra fjarnámsefni. Passa að hafa innihaldið gott svo fyrirtækin sjái sér hag í þessu. Pakka þessu svo inn í ferðaþjónustugráðu. Þeir sem ljúka námskeiðum fá bókstaf fyrir þau námskeið ferðaliði með hlutagráður getur því verið ferðaliði b, eða ferðaliði bcg. Fullnuma ferðaþjónn ætti að vera eftirsóttur starfsmaður.
- Samræma og einfalda.
- Samstarf ferðaþjónustufyrirtæja og menntastofnana.
- Setja stefnu til langs tíma - viljum við verða "mass tourism destination" og þá skammvinn eða viljum við vera eitthvað annað?
- Skipulegar styttri námsleiðir í einingakerfi sem hlaða má upp í lengra nám með vinnu.
- Skóla með fjölbreyttum námsleiðum og námskeiðahaldi.
- Skyndihjálp og veðurspárkunnáttu.
- Tungumál.
- Tungumál, fleiri leiðsögumenn því þar krepur skórin ein og er.
- Vandamálið er hversu árstíðabundið starfið er. Gott að fá myndband á ensku í upphafi vertíðar sem tekur á helstu atriðum. Nauðsynlegt að bjóða upp á hjálp í viðlögum á hverju vori.
- Við búum frekar vel þar sem við erum með 100% háskólamenntað eða iðnmenntað starfsfólk. Myndi líklega helst vilja sjá meira af þjónustustjórnunar kúrsum. Byggi fræðsluáætlun fyrirtækisins helst upp á námskeiðum björgunarskólans, leiðsögumannaskólans og meiraprófnámskeiðum ásamt innri fræðslu.
- Vinna af samvirkun. Hafa augun opin og læra af reynslunni.
- Það má ekki gleyma að þjálfarar veitingahúsa og aðila sem koma að ferðaþjónustu einungis á háannatíma. Illa þjálfarar starfsfólk draga úr gæðum þjónustunnar. Nokkuð sem er töluvert algengt eins og þjálfun í hlaupafólks sem hafa ekki menntun á sviði ferðaþjónustu en kunna tungumál og eru því bráðnauðsynleg til að anna álaginu á annatíma. Þetta fólk tekur t.d. að sér transfer en fær engar upplýsingar um hvernig á að koma fram við ferðafólk, veit ekki hvaða hlutverki það gegnir, hverju það segir frá etc.
- Það þarf að grunnmennta mun fleiri kokka og þjóna.
- Þarf að líta á þetta sem langtíma mál.

## Sp. 24. Starfsemi

	Fjöldi	%	+/-
Hótel	74	16,9	3,5
Gistiheimili	72	16,4	3,5
Veitingaþjónusta	62	14,2	3,3
Ferðaskrifst./Ferðaskipuleggjandi ótilgreint	58	13,2	3,2
Heimag./Farfuglah./Orl.hús/íb./Önnur gisting	45	10,3	2,8
Pakka-/Jeppa-/Jökla-/Bátsferðir *	36	8,2	2,6
Samgöngur	34	7,8	2,5
Náttúruupplifun **	32	7,3	2,4
Dagsferðir	25	5,7	2,2
Fjöldi svara	438	100,0	
Tóku afstöðu	438	97,6	
Tóku ekki afstöðu	11	2,4	
Fjöldi svarenda	449	100,0	

\* Bátsferðir aðrar en hvalaskoðun, Jeppa- jökla- og snjósleðaferðir, Pakkaferðir með ýmiss konar afþreyingu

\*\* Göngu- /fjallaferðir, Hestaferðir, Hvalaskoðun, Náttúruskoðun, Norðurljósaferðir, Sjóstangaveiði/stangveiði, Skotveiði, Ljósmyndaferðir



Flokkun á starfsemi er samsett úr eftirfarandi tveimur spurningum „Á hvaða sviði starfar fyrirtækið/starfsstöðin?“ og „En á hvaða sviði er meginstarfsemi fyrirtækisins/starfsstöðvarinnar?“

# Sp. 24. Starfsemi

## Greiningar



	Fjöldi	Ferðaskrifst./ Ferðaskipuleggjandi	Gisting	Veitinga- þjónusta	Samgöngur	Ferðaskrifst./ Ferðaskipuleggjandi
<b>Heild</b>	438	62%	46%	14%	8%	62%
<b>Hvar er fyrirtækið/starfsstöðin sem þú starfar hjá staðsett á landinu? *</b>						
Reykjavík	114	55%	23%	11%	11%	55%
Höfuðborgarsv. utan Reykjavíkur/Suðurnes	45	31%	27%	7%	36%	31%
Vesturland	32	25%	47%	25%	3%	25%
Vestfirðir/Norðurland vestra	54	33%	54%	11%	2%	33%
Norðurland eystra/Austurland	101	24%	54%	19%	3%	24%
Suðurland/Hálendi	92	26%	59%	15%		26%
<b>Heildarfjöldi starfsmanna í fyrirtækinu/starfsstöðinni þegar mest var árið 2015 *</b>						
2-4 starfsmenn	173	42%	45%	8%	5%	42%
5-9 starfsmenn	84	38%	35%	17%	11%	38%
10-29 starfsmenn	115	22%	47%	23%	8%	22%
30 starfsmenn eða fleiri	58	36%	41%	12%	10%	36%
<b>Árleg velta 2015</b>						
0-49 milljónir kr.	138	35%	48%	12%	5%	35%
50-99 milljónir kr.	50	24%	54%	16%	6%	24%
100-499 milljónir kr.	68	31%	40%	15%	15%	31%
500 milljónir kr. eða meira	34	41%	38%	6%	15%	41%
<b>Hversu lengi hefur fyrirtækið/starfsstöðin verið starfrækt?</b>						
Innan við 6 ár	116	35%	45%	14%	6%	35%
6 - 10 ár	78	38%	42%	10%	9%	38%
Lengur en 10 ár	147	24%	49%	19%	8%	24%
<b>Tími ársins sem fyrirtækið/starfsstöðin er starfrækt *</b>						
Hluta ársins	93	20%	56%	18%	5%	20%
Allt árið	245	35%	42%	14%	9%	35%

\* Marktækur munur

Grænar tölur eru hærri en efri vikmörk fyrir heildina en rauðar tölur eru lægri en neðri vikmörk fyrir heildina

## Sp. 25. Hversu lengi hefur fyrirtækið/starfsstöðin verið starfrækt?


	Fjöldi	%	+/-
Innan við ár	11	3,1	1,8
1-5 ár	106	30,1	4,8
6-10 ár	82	23,3	4,4
Lengur en 10 ár	153	43,5	5,2
Fjöldi svara	352	100,0	
Tóku afstöðu	352	78,4	
Tóku ekki afstöðu	97	21,6	
Fjöldi svarenda	449	100,0	





# Sp. 25. Hversu lengi hefur fyrirtækið/starfsstöðin verið starfrækt?

## Greiningar



■ Innan við 6 ár


■ 6 - 10 ár

■ Lengur en 10 ár

# Sp. 25. Hversu lengi hefur fyrirtækið/starfsstöðin verið starfrækt?

## Greiningar

Fjöldi




\* Marktækur munur

■ Innan við 6 ár      ■ 6 - 10 ár      ■ Lengur en 10 ár


## Sp. 26. Tími ársins sem fyrirtækið/starfsstöðin er starfrækt

	Fjöldi	%	+/-
Allt árið	253	72,7	4,7
Hluta ársins	95	27,3	4,7
Fjöldi svara	348	100,0	
Tóku afstöðu	348	77,5	
Tóku ekki afstöðu	101	22,5	
Fjöldi svarenda	449	100,0	



## Sp. 26. Tími ársins sem fyrirtækið/starfsstöðin er starfrækt

### Greiningar




■ Allt árið

■ Hluta ársins



## Sp. 26. Tími ársins sem fyrirtækið/starfsstöðin er starfrækt

### Greiningar






















## Sp. 27. Hver var árleg velta fyrirtækisins/starfsstöðvarinnar árið 2015?

	Fjöldi	%	+/-
0–49 milljónir kr.	141	47,2	5,7
50–99 milljónir kr.	50	16,7	4,2
100-199 milljónir kr.	30	10,0	3,4
200-499 milljónir kr.	41	13,7	3,9
500-999 milljónir kr.	12	4,0	2,2
1.000-1.999 milljónir kr.	13	4,3	2,3
2.000 milljónir kr. eða meira	12	4,0	2,2
Fjöldi svara	299	100,0	
Tóku afstöðu	299	66,6	
Tóku ekki afstöðu	150	33,4	
Fjöldi svarenda	449	100,0	



# Sp. 27. Hver var árleg velta fyrirtækisins/starfsstöðvarinnar árið 2015?

## Greiningar







	Fjöldi	500 milljónir kr.				0-49 milljónir kr.
		0-49 milljónir kr.	50-99 milljónir kr.	100-499 milljónir kr.	eða meira	
<b>Heild</b>	299	47%	17%	24%	12%	 47%
<b>Hvar er fyrirtækið/starfsstöðin sem þú starfar hjá staðsett á landinu? *</b>						
Reykjavík	74	31%	11%	30%	28%	 31%
Höfuðborgarsv. utan Reykjavíkur/Suðurnes	29	34%	21%	38%	7%	 34%
Vesturland	23	65%	9%	17%	9%	 65%
Vestfirðir/Norðurland vestra	33	70%	24%	6%		 70%
Norðurland eystra/Austurland	69	61%	14%	19%	6%	 61%
Suðurland/Hálendi	71	39%	23%	27%	11%	 39%
<b>Starfsemi - grófflokkuð</b>						
Ferðaskrifst./Ferðaskipuleggjandi	95	51%	13%	22%	15%	 51%
Gisting	133	50%	20%	20%	10%	 50%
Veitingaþjónusta	37	46%	22%	27%	5%	 46%
Samgöngur	25	28%	12%	40%	20%	 28%
<b>Starfsemi *</b>						
Pakka-/Jeppa-/Jökla-/Bátsferðir	34	35%	18%	24%	24%	 35%
Dagsferðir	20	50%	15%	20%	15%	 50%
Náttúruupplifun	25	60%	8%	24%	8%	 60%
Ferðaskrifst./Ferðaskipuleggjandi ótilgreint	16					
Hótel	54	11%	28%	43%	19%	 11%
Gistiheimili	54	70%	19%	7%	4%	 70%
Heimag./Farfuglah./Orl.hús/ib./Önnur gisting	25	88%	8%		4%	 88%
Veitingaþjónusta	37	46%	22%	27%	5%	 46%
Samgöngur	25	28%	12%	40%	20%	 28%

### \* Marktækur munur

Grænar tölur eru hærrí en efri vikmörk fyrir heildina en rauðar tölur eru lægri en neðri vikmörk fyrir heildina

## Sp. 27. Hver var árleg velta fyrirtækisins/starfsstöðvarinnar árið 2015?

### Greiningar

	Fjöldi	500 milljónir kr. eða meira				0-49 milljónir kr.
		0-49 milljónir kr.	50-99 milljónir kr.	100-499 milljónir kr.	500 milljónir kr. eða meira	
<b>Heild</b>	299	47%	17%	24%	12%	 47%
<b>Heildarfjöldi starfsmanna í fyrirtækinu/starfsstöðinni þegar mestur var árið 2015 *</b>						
2-4 starfsmenn	115	87%	8%	1%	4%	 87%
5-9 starfsmenn	65	55%	22%	18%	5%	 55%
10-29 starfsmenn	78	5%	31%	54%	10%	 5%
30 starfsmenn eða fleiri	38		8%	39%	53%	
<b>Tími ársins sem fyrirtækið/starfsstöðin er starfrækt *</b>						
Hluta ársins	79	70%	14%	10%	6%	 70%
Allt árið	218	39%	18%	28%	14%	 39%

#### \* Marktækur munur

Grænar tölur eru hærrí en efri vikmörk fyrir heildina en rauðar tölur eru lægri en neðri vikmörk fyrir heildina



## Sp. 28. Að lokum, er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi efni könnunarinnar?

- Ansi löng.
- Ekkert ráðuneyti né samband sunnlenskra sveitarfélaga hefur tekið undir ósk um fasta fjármögnun á starfssemi alþjóðlegrar vottaðrar starfssemi til handa samfélaginu og náttúruvernd.
- Ekki gert ráð fyrir litlum einingum.
- Ekki of langt, þægilegt að svara.
- Engu við að bæta.
- Erlendir starfsmenn kunni að heilsa og kveðja á íslensku og kunni matseðilinn t.d.
- Erlent vinnuafli er ekkert síðra en íslenskt í ferðaþjónustu, jafnvel þvert á móti. Mín reynsla er sú að einstaklingar erlendis frá skilja betur gildi góðrar þjónustu og taka framlínustörf alvarlegar en innlendir starfsmenn. Vonandi er tilgangur spurninga um hlutfall erlendra starfsmanna ekki til að benda á vöntun á gæðum í þessum geira.
- Finnst flestar spurningarnar ekki eiga við fyrirtækið hjá okkur þar sem við höfum haft sama starfsfólkið síðastliðin 9 ár og það sem starfað hefur lengst er 21 ár.
- Frábært að e-r sé að vakna og spyrja spurninga. Við munum missa auðlindina sem landið okkar og fólkíð er ef við setjum ekki STRAX fjöldatakmörkin á gesti per. mánuð.
- Fyrirtækið okkar er samstarf tveggja einstaklinga sem EKKI hafa það að markmiði að stækka fyrirtækið heldur aðeins hafa nóg fyrir stafni. Við fáum til okkar leiðsögumenn til aðstoðar við sérstakar aðstæður.
- Gangi ykkur vel.
- Gott að Stjórnstöðin geri svona könnun. Ekki veitir af að samræma þekkingu. Vonandi að Ferðamálastofa vinni vel með Stjórnstöðinni því getan til að vinna að þessum málum liggur hjá batteríum eins og Ferðamálastofu og Íslandsstofu. Þar er mannskapurinn. Ef hann er rétt virkjaður þá ætti vel að ganga.
- Gott framtak að huga að menntunarmálum.
- Greina má betur hverjir standa að vel reknum fyrirtækjum í ferðaþj. Mæta ekki á fundi hjá opinberum batteríum og íhuga hvers vegna viðkomandi aðilar mæta ekki til skrafs og ráðagerða.
- Hið besta mál að rannsaka mál ferðaþjónustunnar :-). Vantar meiri upplýsingar og rannsóknir á þessu sviði.
- Hlakka til að sjá Stjórnstöð ferðamála taka til hendinni.
- Já! Nýstofnað félag fjallaleiðsögumanna á Íslandi (AIMG) hefur lítið vægi í umræðunni um menntun leiðsögumanna. Þið megið hafa það í huga. Þar er unnið frábært starf í sjálfboðavinnu, af mjög hæfum einstaklingum, sem hafa mikið til málanna að leggja.
- Koma böndum á fúsk og græðgi í þessari atvinnugrein og skýr úrræði t.d. Ferðamálastofu til að taka á slíkum málum.
- Koma verður í veg fyrir það sem kallast svört starfssemi og vinnu þar sem starfsmenn fá þau laun sem því ber.
- Mér virðist vel menntað fólk ekki njóta þess í launum og hef séð þess dæmi að menntun sé sniðgengin til að halda launakostnaði niðri. Ég hef hitt fólk með t.d. háskólamenntun erlendis frá kvarta undan því að þau fái ekki einu sinni starfsviðtöl vegna ætlaðs ótta um launakröfur. Það þyrfti því að vera skýrari krafa um menntun fólks í ferðatengdri þjónustu þannig að menntað fólk hefði betri séns.
- Mikill meirihluti þeirra sem þar starfa eru í þjónustustörfum og þurfa ekki háskóla- né framhaldsskólamenntun, þótt ég ætli ekki að verðfella þá menntun né vera neikvæður í garð þeirrar menntunar, en áætlað er að um 50.000 störf tengist beint eða óbeint ferðaþjónustunni. Stærstur hluti þeirra er sennilegast starfsmenntun - þjónar, kokkar, bílstjórar, bifvélavirkjar, leiðsögumenn frá leiðsöguskóla Íslands, og hvaðeina einnig er mikill hluti með tungumálanám á háskólastigi eða hefur dvalist erlendis. Það er því ekki endilega eins mikil þörf á háskólamenntun og virðist vera umfram starfsmenntunarþörfina.

## Sp. 28. Að lokum, er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi efni könnunarinnar?

- Nei, ágætis könnun.
- Nei, bara takk fyrir.
- Nei, ekki að svo stöddu.
- Nei, takk.
- Of háir vextir og skattar af ferðaþjónustu.
- Of margar og tímafrekar kannanir.
- Sá einn veit, er víða ratar ok hefr fjöld of farit, hverju geði stýrir gumna hverr, sá er vitandi er vits.
- Setja kraft i nytsamleg námskeið fyrir starfsfólk i ferðaþjónustu. Stutt og hnitmiðuð og i samvinnu við eigendur.
- Skil ekki alveg uppleggið, verið að reyna að ná utan um óskylda hluti.
- Svólítið flókið!
- Takk (nefnt af 3).
- Takk fyrir (nefnt af 2).
- Varðandi meginstarfsemi hér á undan þá geta gistihús úti á landi t.d. verið nokkuð jafnvíg á gisti og veitingastarfsemi, svörin gefa ólíklega rétta mynd þar sem velja þurfti annað hvort.
- Við erum langt á eftir varðandi uppbyggingu á menntun í ferðaþjónustu miða við vöxt greinarinnar. Þurfum að byrja að kenna þetta af krafti í framhaldsskóla og mennta meira af fólki sem getur verið úti á vettvangi og þjónustað ferðafólk svo sem leiðsögumenn.
- Við rekum mjög litla ferðaskrifstofu og vinnum við það í aukavinnu. Við ráðum ekki til okkar fólk og höfum ekki farið á mörg námskeið vegna rekstursins.
- Við þurfum fyrst of fremst starfsmenn á gólfi og mikilvægt að þeir geti sótt sér starfsmenntun við hæfi og þá séu í boði viðeigandi námskeið eða starfsnám.
- Vona að vel gangi að vinna úr svörum, takk fyrir.
- Vona að þetta komi að notum, gangi ykkur vel.
- Það vantar upplýsingar hvernig á að ráða fólk þegar engin sækir um! ASI eða Vinnumálastofnun er ekkert að sinna þessu.
- Það var ekki tekið á stóru vandamáli, salernisvanda ferðamanna. Ferðamenn eiga ekki að þurfa að pissa og kúka þar sem ferðamenn standa það og frúin í Vesturbænum væri ekki kát ef ferðamaðurinn færi að kúka og pissa í bakgarðinum hjá henni. Góðar stundir.
- Það þarf að koma með fræðsluna til fólksins því oft er ekki mögulegt að senda starfsfólk í burtu í lengri tíma. Eins mikilvægt að hafa fræðslu á ensku.
- Þarf að halda styttri námskeið og á fleirum stöðum. Ekki hafa það dýrt.
- Þegar starfsmannaveltan er mikil þá er erfitt að svara fyrstu spurningunum í þessari könnun. Hvað er að hafa erlent starfsfólk í vinnu? Er erlent starfsfólk fólk sem kemur hingað stutt í þeim eina tilgangi að vinna yfir hásumarið eða fólk sem hefur ekki ríkisborgararétt en hefur þó búið hér í mörg ár og kann íslensku betur en sumir Íslendingar? Svona þarf að skilgreina betur.
- Þetta var fín könnun.
- Þótt það sé mikilvægt að hlúa að og sinna og fræða starfsfólk þá liggur meira á að gera landið klárt fyrir þá ferðamenn sem koma hérna í þeirri góðu trú að þeir séu velkomnir en séu ekki litnir hornauga fyrir að þurfa að sinna kalli náttúrunnar. Það ætti að vera löngu orðið klárt hvernig við viljum byggja upp innviði þessa lands og við getum þetta alveg eins og aðar þjóðir og ættum að rífast minna og framkvæma meira. Sumum ferðaþjónustuaðilum finnst þeir líka æðri en öðrum og álíta sig réttþærri þegar kemur að umgengni um landið og þeirri hugsun þarf að breyta.
- Þörf könnun en allt of löng.

# Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna

## Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ...?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög hlynnt(ur) (5)	217	27,6	3,1
Frekar hlynnt(ur) (4)	356	45,3	3,5
Hvorki né (3)	133	16,9	2,6
Frekar andvíg(ur) (2)	61	7,8	1,9
Mjög andvíg(ur) (1)	19	2,4	1,1
Hlynnt(ur)	72,9		3,1
Hvorki né	16,9		2,6
Andvíg(ur)	10,2		2,1
Fjöldi svara	786	100,0	
Tóku afstöðu	786	69,2	
Tóku ekki afstöðu	350	30,8	
Fjöldi aðspurðra	1.136	100,0	
Spurðir	1.136	95,8	
Ekki spurðir	50	4,2	
Fjöldi svarenda	1.186	100,0	
<b>Meðaltal (1-5)</b>	3,9		
Vikmörk ±	0,1		

Í **tíðnitöflu** má sjá hvernig svör þátttakenda dreifast á ólíka svarkosti. Þar má einnig sjá hversu margir tóku afstöðu til spurningarinnar og hversu margir voru spurðir. Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að tæplega 28% þátttakenda eru mjög hlynnt því sem spurt var um og riflega 45% frekar hlynnt. Ef teknir eru saman þeir sem segjast frekar og mjög hlynntir má sjá að í heildina eru tæplega 73% hlynnt málefningu. Vekja ber athygli á að hátt hlutfall aðspurðra, eða 30,8%, tók ekki afstöðu til spurningarinnar og er talan því rauðlituð því til áherslu.

**Meðaltal** er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlur: [Mjög hlynnt(ur) (fj. x 5) + frekar hlynnt(ur) (fj. x 4) + hvorki né (fj. x 3) + frekar andvíg(ur) (fj. x 2) + mjög andvíg(ur) (fj. x 1)] / Heildarfjöldi svara. Í þessu dæmi tekur meðaltalið gildi á kvarðanum 1 til 5 en meðaltalið tekur gildi á því bili sem kvarðinn er hverju sinni.

### Vikmörk (sjá +/- dálk í tíðnitöflu)


Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn liggir innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu eru spurðir. Í dæminu hér til hliðar má segja með 95% vissu að hefðu allir í þýðinu spurðir, hefðu á bilinu 24,5% til 30,7% (27,6% +/- 3,1%) verið mjög hlynnt málefningu. Einnig má nota vikmörk til að skoða hvort marktækur munur sé á fjölda þeirra sem velja ólíka svarkosti. Ef vikmörkin skarast ekki er marktækur munur á fjöldanum. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar séu frekar hlynntir málefningu en mjög hlynntir því.

### Greiningar og marktækt

Oft er gerð greining á hverri spurningu eftir lýðfræðibreytum, s.s. kyni, aldri og búsetu, sem og eftir öðrum spurningum í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést t.d. að 29% karla eru mjög hlynntir málefningu á móti 26% kvenna. Í greiningum er jafnframt sýnt meðaltal mismunandi hópa og tekið fram hvort sá munur á meðaltölum sem kom fram á hópum í könnuninni er tölfræðilega marktækur. Þegar munurinn er marktækur er titillinn stjómumerktur, eins og í tilfalli aldurs spurningarinnar í greiningunni hér fyrir neðan. Að auki eru súlur sem sýna meðaltöl litaðar dökkgrár til áherslu.

Algengur misskilningur er að ef tölfræðiprófið er ekki marktækt þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er hins vegar rangt, því merking tölfræðilegra marktækta felst í því hvort hægt sé að alhæfa mun sem kemur fram í könnun yfir á þýði. Í dæminu hér fyrir neðan má sjá að eftir því sem fólk eldist er það hlynntara málefningu og staðhæfa má með 95% vissu að þessi munur eftir aldurshópum á sér einnig stað í þýðinu (t.d. meðal þjóðarinnar).

Langst til hægri á myndinni hér fyrir neðan er sýndar breytingar á meðaltölum frá síðustu mælingu. Í þessu dæmi má sjá að meðaltal karla hefur lækkað um 0,3 stig frá síðustu mælingu (er nú 3,9 og var síðast 3,6). Stjórnumerkingin við súluna vísar til þess að munur milli mælinga er tölfræðilega marktækur. Því má segja að karlmenn séu nú að jafnaði hlynntari málefningu en þeir voru í síðustu mælingu.



**Að lokum**

**Reykjavík, 18. maí 2016**

Bestu þakkir fyrir gott samstarf,

Jóna Karen Sverrisdóttir

Berglind Aradóttir

Jón Karl Árnason